

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 23 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, svo og starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og starfsmenn aðildarfélaga bandalagsins ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I. a. um ráðningartíma og aðalstarf.

## 2. gr.

1. málsliður 2. málgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. skulu þó taka gildi 1. janúar 1973.

*Gjört í Reykjavík, 26. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað orðsins „ríkissjóð“ í 1. gr. laganna komi: erfðafjársjóð.

## 2. gr.

2. gr. orðist svo:

Fjárhæð erfðafjárskatts er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, sem lifir hitt, til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 200 þús. ....	5%
— næstu 200 — .....	6%
— — 200 — .....	7%
— — 200 — .....	8%
— — 200 — .....	9%
og þar yfir .....	10%

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 200 þús. ....	15%
— næstu 200 — .....	17%
— — 200 — .....	19%
— — 200 — .....	21%
— — 200 — .....	23%
og þar yfir .....	25%

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A og B, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

Af fyrstu 200 þús. ....	30%
— næstu 200 — .....	34%
— — 200 — .....	38%
— — 200 — .....	42%
— — 200 — .....	46%
og þar yfir .....	50%

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana, skal greiða 10 af hundraði.

### 3. gr.

Í stað „tilsk. 25. sept. 1850 10. gr.“ í niðurlagi 1. mgr. 3. gr. komi: erfðalög nr. 8 14. marz 1962.

Í stað orðsins „ríkissjóðs“ í 3. mgr. 3. gr. komi: erfðafjár sjóðs.

### 4. gr.

Í stað „100“ í 1. mgr. 6. gr. komi: 10000.

Í stað „10“ í 2. mgr. 6. gr. komi: 1000.

Í stað orðsins „stjórnarráðinu“ í síðustu mgr. 6. gr. komi: félagsmálaráðuneytinu.

### 5. gr.

Í stað orðsins „stjórnarráðið“ í 2. mgr. 10. gr. komi: félagsmálaráðuneytið.

### 6. gr.

Fyrri mgr. 12. gr. hljóði svo:

Ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum, öðrum en fasteignum, sem falla í erfðir, skal skiptaráðandi útnefna óvilhalla menn til þess að meta fjármunina til peninga, ef ætla má, að þeir nemi samtals 100 000 krónum. Fasteignir skal telja á fasteignamati.

## 7. gr.

Í stað orðsins „stjórnarráðið“ komi: félagsmálaráðuneytið.

## 8. gr.

Síðasti málsliður 14. gr. hljóði svo:

Með mál út af þessum efnum skal farið að hætti opinberra mála.

## 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

## L Ö G

## um Bjargráðasjóð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins, sveitarfélaganna og Stéttarsambands bænda. Eignaraðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins umfram árleg, óafturkræf framlög sín til hans skv. 5. gr. laga þessara.

Heimili og varnarþing Bjargráðasjóðs er í Reykjavík.

## 2. gr.

Stjórn Bjargráðasjóðs er skipuð fimm mönnum, ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, sem er formaður stjórnarinnar, fiskimálastjóra, formanni Búnaðarfélags Íslands, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga og formanni Stéttarsambands bænda. Sé einhver stjórnarmanna forfallaður, tekur varamaður hans í viðkomandi starfi sæti í stjórninni.

## 3. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi stjórn hans og tekur ákvarðanir um afgreiðslu á umsóknum um fyrirgreiðslu úr deildum sjóðsins, styrk- og lánveitingar.

Stjórnin ræður forstjóra og annað starfsmið sjóðsins og ákveður kaup þess og kjör í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna. Heimilt er þó stjórninni að semja við Lánasjóð sveitarfélaga eða aðra stofnun, sem henta þykir, um sameiginlega framkvæmdastjórn, skrifstofuhald og rekstur sjóðsins.

## 4. gr.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Halda skal bókhaldi hvorrar deildar um sig aðgreindu. Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist úr almennu deild hans.